

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Láru B. Eiríksdóttur, í máli þessu er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. nóvember 1974.

Nr. 168/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson
vararíkissaksóknari)
gegn

Bergi Jóni Þórðarsyni

(Ragnar Jónsson hrl.)

Matthíasi Mogensen

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

Leifi Haukssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Eddu Sigurrós Sverrisdóttur

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Karli Kristni Júlíussyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

og Ólafi Mogensen

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Ávana- og fýknilyf. Brot gegn lögum nr. 77/1970, sbr. lög nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærvaldið hefur hér fyrir dómi fallið frá ákærulið III, 1 í ákæru gegn Leifi Haukssyni og fallið frá tilvitnun ákæru-liðs IV, 1 í ákærulið III, 1 í ákæru gegn Eddu Sigurrós Sverrisdóttur. Enn fremur er fallið frá því atriði í ákærulið I, 4 í ákæru gegn Bergi Jóni Þórðarsyni, er varðar svonefnt

„meskalín“. Verður því eigi fjallað um þessi atriði í dómi Hæstaréttar í máli þessu.

I.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Kópavogskaupstaðar 8. desember 1972. Var það nálega fullrannsakað, er lög nr. 52 13. apríl 1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum tóku gildi. Þau lög geyma eigi ákvæði um, hvaða mál skuli koma undir þann dóm, þeirra sem til meðferðar voru í sakadómi, þegar lög þessi tóku gildi. Samkvæmt meginreglum réttarfarslaga og með sérstakri hliðsjón af 201. gr. laga nr. 27/1951, nú laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála þykir sakadómur Kópavogskaupstaðar hafa verið valdbær til meðferðar og dómsálagningar máls þessa.

II.

Refsiákvæði laga nr. 77/1970 eru sett með stjórnskipulega gildum hætti, og verður eigi hrundið sem gildum refsiheimum. Reglugerð nr. 257/1969 er sett með stoð í 1. gr. laga nr. 43/1968, er breyttu 4. gr. laga nr. 14/1923. 4. gr. laga nr. 77/1970 er orði orðs sama efnis og 1. gr. laga nr. 43/1968, og hagma lög nr. 77/1970 í engu við gildi reglugerðar nr. 257/1969.

III.

Héraðsdómari hefur leyst réttilega úr sönnunaratríðum máls þessa, og ber að staðfesta niðurstöðu hans um ákærufni, þau sem til úrlausnar koma hér fyrir dómi samkvæmt framansögðu. Ávana- og fíkniefni það, sem allir ákæruliðirnir taka til, fellur undir refsisvið laga nr. 77/1970, sbr. 4. gr. þeirra og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Er heimilt að refsa samkvæmt refsíákvæðum greindra laga fyrir brot, er ákærði Bergur Jón framdi erlendis og fólu í sér innflutning á kannabisefnum, án þess að kanna þurfi, hvort brot þessi séu refsiverð samkvæmt löggjöf þar í rikjum, er ákærði var staddur, þá er hann kom ávana- og fíkniefnum í íslenskt skip til flutnings til Íslands eða sendi slík efni hingað til lands

með pósti. Með þessari athugasemd þykir atferli hinna ákærðu vera réttilega fært til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppsögn héraðsdóms hafa verið sett lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, er leysa af hólmi lög nr. 77/1970. Ber að refsa ákærðu samkvæmt þeim lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó svo, að þýngri refsivíðurlög verða eigi dæmd en þau, sem greinir í lögum nr. 77/1970. Varða hinir refsiverðu verknaðir allra hinna ákærðu nú við 3., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974. Fallast ber á það mat héraðsdómara, að brot ákærðu Bergs Jóns, Matthíasar, Leifs og Ólafs séu í heild sinni stórfelld brot samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970, en eigi verður þeim þó ákvörðuð refsing samkvæmt 1. gr. laga nr. 64/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, og eigi þykir rétt að dæma hinum ákærðu í máli þessu refsingu með vísan til ákvæðis 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, eins og sakarefni er háttað. Refsing hinna ákærðu Leifs og Eddu Sigurrósar ber að ákveða með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga vegna dómssáttar þeirrar, er þau sættu, Leifur hinn 23. mars 1972 og Edda Sigurrós hinn 12. maí s. á., fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Staðfesta ber refsingu þá, sem héraðsdómari hefur dæmt þeim ákærðu Leifi og Ólafi, en refsing ákærða Bergs Jóns þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Tími sá, er Bergur Jón og Leifur sættu gæsluvarðhaldi, komi refsingu þeirra til frádráttar, svo sem í héraðsdómi segir. Þá ber að staðfesta refsingu hinna ákærðu Matthíasar og Eddu Sigurrósar, þó svo, að skilorðstími verði 2 ár frá uppsögu dóms þessa. Ef til fullnustu refsingar Matthíasar og Eddu Sigurrósar kemur, skal draga frá tíma þann, er þau sættu gæsluvarðhaldi, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, Matthías í 14 daga og Edda Sigurrós í 16 daga. Enn ber að staðfesta refsingu ákærða Karls Kristins, þó svo, að vararefsing verði varðhald 20 daga, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupp-

töku, sbr. nú 5. gr. laga nr. 65/1974. Þá ber og að staðfesta ákvæði dómsins um sakarkostnað, þó svo, að ákærði Leifur greiði verjanda sínum í héraði, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 40.000.00, og ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dæma ber ákærða Berg Jón til að greiða verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Matthías greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 25.000.00.

Ákærði Leifur greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000.00.

Ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Karl Kristinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Ólafur greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 150.000.00, greiði ákærðu Bergur Jón, Leifur og Ólafur óskipt að hálfu, en hinn helminginn greiði öll ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu hinna ákærðu Leifs Haukssonar og Ólafs Mogenssens eiga að vera óröskuð. Ákærði Bergur Jón Þórðarson sæti fangelsi 4 mánuði. Refsing hinna ákærðu Matthíasar Mogenssens og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur á að vera óröskuð, þó svo, að skilorðstími verði tvö ár frá uppsögu dóms þessa.

Refsing ákærða Karls Kristins Júlíussonar er staðfest, þó svo, að vararefsing verði varðhald 20 daga, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldstíma ákærðu Bergs Jóns og Leifs frá refsingu þeirra skulu óröskuð. Ef til fullnustu á refsingu ákærðu Matthíasar og Eddu Sigurrósar kemur, skal gæsluhaldsvist þeirra, Matthíasar í 14 daga og Eddu í 16 daga, koma refsingu til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku eiga að vera óröskuð. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest, þó svo, að ákærði Leifur greiði verjanda sínum í héraði, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 40.000.00, og ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 25.000.00.

Ákærði Leifur Hauksson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000.00.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns kr. 20.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 150.000.00, greiði ákærðu Bergur Jón, Leifur og Ólafur óskipt að hálfu, en hinn helminginn greiði öll ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 20. júní 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 20. júní, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í dómsal embættisins að Álfhólsvegi 7 af Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 34/1972: Ákærvaldið gegn Bergi Jóni Þórðarsyni, Matthíasi Mogensen, Leifi Haukssyni, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, Karli Kristni Júlíussyni og Ólafi Mogensen, sem dómtekið var 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 1. nóvember 1972, á hendur þeim Bergi Jóni Þórðarsyni verkamanni, Skipagötu 1, Akureyri, Matthíasi Mogensen sjómanni, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, Leifi Haukssyni nema, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, Karli Kristni Júlíussyni leðurgerðarmanni, Öldugötu 54, Reykjavík, og Ólafi Mogensen nemanda, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, fyrir brot á lögum nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með opíum o. fl. og reglugerð nr. 257 frá 1969 um ávana- og fíkniefni, með eftirgreindum hætti, eins og ákæruskjal greinir:

„I. Ákærði Bergur Jón Þórðarson.

1. Fyrir utanferð sína í október 1971 tekið við íslenskum peningum hjá meðákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur til kannabiskaupa (hasskaupa). Enn fremur fengið sendar í ársbyrjun 1972 frá meðákærða Ólafi Mogensen í Reykjavík ísl. kr. 1.000.00 í sama tilgangi. Keypt kannabisefni fyrir þessa aðila í Kaupmannahöfn seinni hluta ársins 1971 og í ársbyrjun 1972 og sent þeim það í bréfaþósti til Íslands, þar á meðal nefndum Leifi 5-10 grömm um mánaðamótin október-nóvember 1971.

2. Í desember 1971 keypt fyrir Bjarka Tryggvason, Akureyri, 50 grömm af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 500.00 og afhent honum það þar.

3. Í mars 1972 í Kaupmannahöfn keypt fyrir Magnús Magnússon 10 grömm af kannabisefni og sent honum til Íslands. Enn fremur aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson við kaup á nokkrum tugum gramma af sama efni.

4. Í apríl 1972 tekið við erlendum peningum hjá eftirgreindum mönnum í Kaupmannahöfn og Amsterdam til kaupa á kannabisefni og meskalíntöflum: Gestir Þorsteinssyni 1.200.00 dönskum krónum, Leifi Haukssyni 2.500.00 hollenskum gyllinum, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gestir Þorsteinssyni 6.000.00 dönskum krónum og keypt fyrir peninga þessa rösklega 3 kg. af kannabis og 400 töflur af meskalíni í Amsterdam og afhent efnið meðákærða Matthíasi Mogensen um borð í m.s. Laxfossi í Rotterdam til flutnings til Íslands. Enn fremur á sama tíma afhent nefndum Matthíasi til eigin notkunar 100 grömm af kannabis.

II. Ákærði Matthías Mogensen.

Í apríl 1972 tekið við um borð í m.s. Laxfossi í Rotterdam af meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni efni því, sem um getur í ákærulið I, 4 hér að framan, og flutt það með skipinu til Akureyrar, þar sem hann í byrjun máí afhenti það meðákærða Leifi Haukssyni, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gestir Þorsteinssyni. Enn fremur tekið við til eigin notkunar 100 grömmum af kannabis og neytt hluta þess á leiðinni til Íslands, en við leit um borð í skipinu í Reykjavík við komu þess þangað 18. maí var lagt hald á 90 grömm af efninu svo og hassreykjarpípu.

III. Ákærði Leifur Hauksson.

1. Í október 1971 í Reykjavík fengið meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni peninga frá sér og eiginkonu sinni, sem er meðákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir, til kannabiskaupa í Kaupmannahöfn og síðar fengið sent frá nefndum Bergi Jóni kannabisefni í póstsendingu á sínu nafni og konu sinnar, þar á meðal 5-10 grömm um mánaðamótin október-nóvember 1971.

2. Um áramótin 1971-1972 smyglað til landsins frá Kaupmannahöfn ásamt eiginkonu sinni og meðákærða Karli Kristni Júlíussyni tæpum 400 grömmum af kannabis. Efnið sendu þau í frakt í tösku á nafni Eddu Sigurrósar. Áttu ákærði og eiginkona hans 2/3 hluta efnisins, en meðákærði Kristinn Karl 1/3.

3. Seinni hluta aprilmánaðar 1972 farið til Kaupmannahafnar og þaðan til Amsterdam gagnert til kaupa á kannabisefnum fyrir sjálfan sig og eiginkonu sína svo og meðákærða Ólaf Mogensen og fleiri, sem lagt höfðu fé til kaupanna, og síðan afhent meðákærða Bergi Jóni peningana í Amsterdam, sbr. ákærulið I, 4 hér að framan, falið honum að kaupa kannabisefni fyrir þá og koma því til meðákærða Matthíasar Mogensens um borð í m.s. Laxfoss í Rotterdam til flutnings til Íslands, þar sem ákærði tók síðan í maíbyrjun við efninu á Akureyri úr höndum nefnds Matthíasar ásamt Gestí Þorsteinssyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, sbr. ákærulið II hér að framan, en við skipti á efninu komu 500 grömm í hlut ákærða og eiginkonu hans.

4. Ásamt eiginkonu sinni, Eddu Sigurrós, fengið meðákærða Ólaf Mogensen svo og Pétur Halldór Pétursson og Evu Benjamínsdóttur til að geyma kannabisefni þeirra hjóna og margsinnis gefið þeim og fleiri kunningjum sínum að reykja með sér af efninu.

IV. Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir.

1. Framið með eiginmanni sínum, Leifi Haukssyni, brot þau, sem um getur í ákæruliðum III, 1, 2 og 4 hér að framan.

2. Lagt á ráðin um ferð eiginmanns síns til kannabiskaupa, sem um getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram fé til þeirra kaupa og notið efnisins að jöfnu við hann.

V. Ákærði Karl Kristinn Júlíusson.

Framið ásamt ákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur brot það, sem um getur í ákærulið III, 2 hér að framan. Enn fremur gefið kunningjum sínum, þeim Erni Ingólfssyni og Jóni Ómari Sigfússyni, af efninu með sér.

VI. Ákærði Ólafur Mogensen.

1. Lagt á ráðin um ferð meðákærða Leifs Haukssonar til kannabiskaupa, sem um getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram ísl. kr. 25.000.00 til þeirra kaupa og fengið afhent í sinn hlut við skipti á efninu 300 grömm af kannabis. Enn fremur haft milligöngu fyrir Benedikt Hjartarson, Reykjavík, um kaup á kannabis fyrir ísl. kr. 9.000.00 í sömu ferð og afhent honum í maí 1972 fyrir þá peninga 50 grömm af efninu. Loks tekið við í maí 1972 í Reykjavík 300 grömmum af kannabis til geymslu fyrir meðákærðu Leif og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur.

2. Í ársbyrjun 1972 sent meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni kr.

1.000.00 í íslenskum peningum í pósti frá Reykjavík til kaupa á kannabisefni og fengið tvívegis sendingu frá honum í bréfaþósti frá Kaupmannahöfn, 5-6 grömm í hvort sinn.

Þykja brot ákærðu varða við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. fyrrnefndra laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með opíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga, sbr. einnig 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í þeim tilvikum, sem gerðust erlendis.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga þeirra ávana- og fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði Bergur Jón Þórðarson er fæddur 8. maí 1951 á Skagaströnd og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Matthías Mogensen er fæddur 10. júlí 1953 í Reykjavík og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Leifur Hauksson er fæddur 11. október 1951 í Reykjavík og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1972 23/3 í Kópavogi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttur er fædd 28. september 1953 á Siglufirði. Hún hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1972 12/5 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson er fæddur 18. apríl 1952 í Reykjavík og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Ólafur Mogensen er fæddur 24. maí 1951 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1972 9/2 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik.

Upphaf máls þessa verður rakið til atviks hinn 13. maí 1972 í samkomuhúsinu Stapa í Ytri-Njarðvík, er löggæslumenn fundu í fórum Stefáns Inga Jónssonar, Skaftahlíð 7, Reykjavík, efni, sem talið var, að væri kannabis, og frekari rannsókn staðfesti, að

svo væri. Frumrannsókn, sem hófst þegar í stað, leiddi í ljós, að hér væri á ferðinni mjög umfangsmikið mál og væri um að ræða innflutning í stórum stíl á fíkniefninu kannabis o. fl. og væru fjölmargir við málið riðnir í Reykjavík og Kópavogi og víðar.

Hófst lögreglurannsókn í Kópavogi 15. maí 1972 og dómsrannsókn jafnhliða samdægurs, en þá hafði beinst grunur að ákærða Leifi Haukssyni fyrir aðild að máli þessu.

Leifur Hauksson og eiginkona hans, ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir, voru yfirheyrð af lögreglu og neituðu allri aðild og vitneskju fyrst í stað. Var gerð húsrannsókn á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3 að undangengnum úrskurði. Fundust þar þrjár reykjarpípur fyrir hassreykingar svo og nokkrir holir gífsmolar í læstri hirslu. Einnig fannst í íbúðinni lokað umslag með utanáskrift til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði. Var bréfið í úlpuvasa í skáp í forstofunni. Bréf þetta var í þykkara lagi, og fannst af því greinileg lykt eins og af kannabis.

Ákærði Ólafur Mogensen var yfirheyrður af lögreglu svo og fyrir dómi 17. maí 1972.

Í þessu þinghaldi og síðar skýrði hann frá því, að í fyrri hluta apríl 1972 hafi þeir Leifur rætt um það sín á milli, að Leifur tækist ferð á hendur til Hollands eða eitthvað annað til þess að kaupa hass. Fór Leifur síðan í ferðina u. þ. b. viku síðar hinn 16. apríl. Ólafur kveðst hafa látið Leif hafa kr. 25.000.00 frá sér í þessu augnamiði og einnig kr. 9.000.00 frá Benedikt nokkrum Hjartarsyni, Reykjavík, en þau hjón, Leifur og Edda Sigurrós, lögðu fram saman 40 til 50 þús. krónur. Um þetta leyti fékk Leifur sendar kr. 30.000.00 frá Halldóri Kjartanssyni, Birkihvammi 8, Kópavogi, til kaupa á hassi fyrir hann og annan pilt, Viðar Sigurjónsson að nafni. Kom síðar í ljós, að fleiri voru í samlagi með Halldóri og Viðari.

Ólafur kveður, að það hafi verið áformað af hálfu þeirra Leifs að koma efninu til landsins með aðstoð bróður síns, Matthíasar Mogensens, sem var skipverji á m/s Laxfossi. Var búið að tala um þetta við Matthías áður.

Leifur Hauksson kom úr ferð sinni að viku liðinni. Hafði hann ekki meðferðis neitt hass sjálfur.

M/s Laxfoss kom til Akureyrar viku eftir heimkomu Leifs. Fór Leifur þangað norður ásamt tveimur öðrum mönnum, Gesti Þorsteinssyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, báðum úr Reykjavík.

Komu þeir með hassið suður og heim til Leifs Haukssonar að Borgarholtsbraut 3 að kvöldi dags. Var hér um að ræða u. þ. b.

3 kg. af hassi. Þarna um kvöldið var efninu skipt í tvennt, þannig að Jens Rúnar og Gestur fengu ríflega helminginn, en hitt varð eftir. Fóru þessi skipti fram í eldhúsinu að þeim þremur viðstöddum, og höfðu þeir læst að sér, en Edda Sigurrós, eiginkona Leifs, og Ólafur Mogensen voru annars staðar í íbúðinni ásamt fleira fólki óviðkomandi þessu máli.

Einum eða tveimur dögum síðar fóru fram skipti á því, sem eftir varð. Fékk Ólafur Mogensen í sinn hlut um 300 gr. og auk þess um 150 gr. fyrir Benedikt Hjartarson, en þau hjónin fengu í sinn hlut u. þ. b. 500 gr. Þremur eða fjórum dögum seinna kom Halldór Kjartansson ásamt fjórum öðrum mönnum og fékk sinn skammt í einu lagi, og var það á milli 300 og 400 gr.

Verður nú vikið nánar að málavöxtum samkvæmt framburði ákærðu og vitna.

I.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að um mánaðamótin mars-apríl 1972 hafi svo talast milli sín, eiginkonu sinnar, Eddu Sigurrósar, og Ólafs Mogensens, að þau útveguðu sér hass beint erlendis frá. Kom þeim saman um, að einn færi utan í þessu skyni og fá fleiri til að leggja fram fé, þar sem efnið væri ódýrara, ef meira væri keypt í einu. Var haft samband við ákærða Matthías Mogensen, bróður Ólafs, um það, að hann flytti efnið til landsins, en Matthías var skipverji á m/s Laxfossi í utanlands-siglingum.

Að ráði varð, að Leifur tækist ferð á hendur til Danmerkur og Hollands í ofangreindu augnamiði.

Þeir Leifur og Ólafur höfðu símasamband við Halldór Kjartansson á Suðureyri við Súgandafjörð og buðu honum þátttöku í hinum fyrirhuguðu kaupum. Nokkru síðar barst Leifi símaávisun frá Halldóri að upphæð kr. 29-30 þúsund, og var Leifi ljóst af símtali við Halldór, að hann og nokkrir aðrir piltar, sem unnu þarna fyrir vestan í frystihúsi, höfðu slegið saman til kaupanna.

Ólafur Mogensen lagði fram kr. 25.000.00 sjálfur og auk þess kr. 9.000.00 frá Benedikt Hjartarsyni, sbr. sem fyrr er greint.

Þau hjónin Leifur og Edda lögðu fram rúmlega kr. 40.000.00.

Leifur Hauksson fór svo utan 16. apríl 1972 til Kaupmannahafnar. Þar í borg hélt hann til í yfirgefinni hermannastöð, Kristjaníu, en þar höfðu ýmsir Íslendingar aðsetur. Leifur hitti þar fyrir ýmsa, sem hann var kunnugur, þ. á m. Gest Þorsteins-

son, Hlyn Höskuldsson, ákærða Berg Jón Þórðarson, Jón Þór Guðmundsson o. fl.

Hinn 18. apríl fór Leifur með lest til Amsterdam, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, þar sem vitað var, að hass var ódýrara í Hollandi. Slóst Jón Þór í för með honum.

Bergur Jón Þórðarson kom með næturlest beint til Amsterdam daginn eftir og hafði meðferðis heimilisföng ýmissa aðilja, sem álitid var líklegt að leita til í því augnamiði að kaupa hass. Leifur var í upphafi bjartsýnn um að annast kaupin á eigin spýtur, en er hann og Jón Þór höfðu gengið um og þreifað fyrir sér um það, varð honum ljóst, að það var miklum örðugleikum háð.

Varð því úr, að Leifur fól Bergi að annast hasskaupin og afhenti honum 2.500 hollensk gyllini. Skyldi Bergur koma efninu til Matthíasar Mogenssens, er m/s Laxfoss kæmi til Rotterdam. Leifur fór síðan til Kaupmannahafnar föstudaginn 21. apríl og heim til Íslands næsta sunnudag.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið til Kaupmannahafnar í október 1971, en þá hafði hann um hríð haldið til á Borgarholtsbraut 3 hjá þeim hjónum Eddu og Leifi.

Í nóvember settist Bergur að í Kristjáníu í Kaupmannahöfn.

Hann hitti þau hjón Leif og Eddu ásamt ákærða Karli Kristni Júlíussyni í Kaupmannahöfn í desember 1971, en kveður sér alls ókunnugt um, hvort þau keyptu nokkuð hass í þeirri ferð.

Bergur kveður, að þegar Leifur Hauksson kom til Kaupmannahafnar í apríl 1972, hafi sér verið það ljóst, að hann var gagngert kominn til þess að kaupa hass.

Daginn eftir að þeir fóru til Hollands, Leifur Hauksson og Jón Þór Guðmundsson, fór Bergur á eftir þeim til Amsterdam og hitti þá á járnbrautarstöð, eins og fyrirfram var ákveðið.

Bergur kveður för sína ekki hafa staðið í sambandi við erindi Leifs.

Þegar þeir höfðu dvalist í Amsterdam 2-3 daga, kveður Bergur, að Leifur hafi beðið sig um að kaupa fyrir sig hass og koma því til Matthíasar Mogenssens á m/s Laxfossi, en skipið átti að vera í Rotterdam nokkru seinna. Lét Leifur hann hafa 2.500 gyllini til þess arna.

Fyrir þetta fé kveðst Bergur hafa keypt u. þ. b. 1200 gr. af hassi af manni, sem hann kveðst hafa hitt af tilviljun á götu í Amsterdam. Hann kveðst áður hafa reynt fyrir sér um hasskaup

þarna á grundvelli upplýsinga frá vinkonu sinni í Kaupmannahöfn um líklegan hassseljanda, en án árangurs.

Bergur hafði meðferðis frá Kaupmannahöfn 1.200 danskar krónur frá Gestu Þorsteinssyni, en Gestur hafði beðið hann að kaupa fyrir sig hass eða önnur slík efni.

Keypti Bergur fyrir þetta fé ca. 30 gr. af hassi og 400 töflur, sem hann hugði vera meskalín.

Hann kveðst hafa keypt þessi efni af svertingjum á krá einni í borginni. Reyndi hann eina töfluna, og þegar hann fann ekki til neinna áhrifa, varð honum ljóst, að hann hafði verið svikinn í skiptunum.

Ætlunin var, að hann færi til Kaupmannahafnar með hassið og töflurnar til Gestu, en þegar hann varð þess áskynja, að töflurnar voru sviknar, ákvað hann að geyma allt saman í Amsterdam og fór því án þessa.

Bergur kom hassi því, er hann keypti fyrir Leif Hauksson, til Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss í Rotterdam. Fór þessi afhending fram 23. eða 24. apríl 1972. Að sögn Bergs var hér um að ræða 4 eða 5 plötur af grænu Marokkó-hassi. Voru þær misstórar, í glærum pappír og brúnum þar utan um.

Þeir Bergur og Matthías ræddu um það sín á milli, að koma mætti meira af efni með Laxfossi til Íslands, þar sem skipið yrði þarna eitthvað áfram um kyrrt, en ekkert var ákveðið í því efni, enda hafði Bergur enga peninga til frekari kaupa.

Daginn eftir fór Bergur til baka til Kaupmannahafnar og samferða honum Jón Þór Guðmundsson. Var þá þangað kominn Jens Rúnar Ingólfsson. Þeir Jens Rúnar og Gestur Þorsteinsson báðu nú Berg að fara fyrir sig aftur til Amsterdam til kaupa á hassi, og létu þeir hann fá 6.000 danskar krónur í því skyni, en af því fé skyldu 300-350 kr. vera fyrir ferðakostnaði.

Varð Bergur við þessari málaleitan og fór næsta dag áleiðis til Amsterdam og keypti þar u. þ. b. 1500 gr. af hassi af sama manni og áður greinir. Ekki kveðst Bergur vita nein deili á honum.

Fór Bergur síðan með ofangreint hass ásamt því, sem hann hafði geymt í fyrri ferð sinni til Rotterdam, og afhenti Matthíasi Mogensen um borð í m/s Laxfossi. Var þetta allt saman í hvítu umslagi, og voru töflurnar í dós.

Bergur kveðst ekki hafa sagt Matthíasi, hverjir væru eigendur þessa eða hverjir móttakendur yrðu á Íslandi. Féllst Matthías á að flytja þetta ásamt því, sem áður er frá greint.

Jafnframt því sem nú er frá skýrt lét Bergur Matthías hafa

pakka með 100 gr. af hassi með þeim ummælum, að þessi 100 gr. skyldi Matthías hafa til eigin afnota. Að öðru leyti kveðst hann ekki hafa greitt Matthíasi neitt fyrir flutninginn á efninu til Íslands.

Ákærði Matthías Mogensen hefur skýrt svo frá, að m/s Laxfoss hafi komið til Rotterdam 23. apríl 1972 beint frá Íslandi, en hann gegndi þar aðstoðarmannsstörfum í vélarrúmi. Skömmu áður en skipið fór þessa ferð, hafi Ólafur Mogensen, bróðir hans, og Leifur Hauksson farið þess á leit, að hann tæki að sér að flytja fyrir þá hass frá Rotterdam. Yrði efninu komið um borð til hans, en nefndu ekki, hver mundi afhenda honum það.

Daginn eftir komu skipsins til Rotterdam kveður Matthías, að um borð til sín hafi komið tveir Íslendingar og afhent honum fjórar plötur af hassi og beðið hann að flytja til Íslands, þar sem það yrði sótt til hans. Hann kveðst hvorugan hafa þekkt, en fékk síðar þá vitneskju hjá Leifi Haukssyni, að sá þeirra, sem hafði orð fyrir þeim, gekk undir nafninu „Hesturinn“.

Mennirnir tveir dvöldust um borð í Laxfossi frá því um morguninn umræddan dag og fram undir klukkan 5 síðdegis, er þeir tóku sér far með lest áleiðis til Kaupmannahafnar. Ræddu þeir við Matthías m. a. um möguleika þess að koma efninu í gegn um tollinn á Íslandi. Áður en þeir fóru vék „Hesturinn“ að því, að Matthíasi yrði afhent meira magn af hassi einum eða tveimur dögum síðar.

Hinn 28. eða 29. apríl 1972 kom „Hesturinn“ einsamall um borð til Matthíasar og var þá með 4½ plötu af hassi sams konar og í hið fyrra sinn og afhenti honum. Að auki afhenti hann lítið brúnt umslag, sem, að því er virtist við þuklun, hafði að geyma litla dós. Var það ómerkt. Afhendingu þessari fylgdu tilmæli um að koma þessu til Íslands ásamt hinu.

Til viðbótar því, sem nú er nefnt, kveður Matthías, að maðurinn hafi látið sig hafa hass, innpakkað, u. þ. b. 100 gr., með þeim ummælum, að þetta væri þóknun til hans fyrir flutninginn. Þáði Matthías þetta.

Matthías kveður, að hann hafi talið, að það, sem sér var afhent í fyrra skiptið, hafi verið fyrir Leif, Eddu og Ólaf bróður sinn. Hafi sér orðið ljóst eftir síðari afhendinguna, að einhverjir fleiri stæðu þar að baki, þar sem hann gerði sér grein fyrir, að mikið fé þyrfti til þessara kaupa.

Eftir að skipið lagði úr höfn áleiðis til Íslands, bjó Matthías þannig um efnið, að hann pakkaði öllu saman vandlega í tvo

nokkurn veginn jafnstóra pakka. Lagði af efnunum sterka lykt, og því var það nauðsynlegt að hans mati að pakka þeim inn mjög vandlega, ef þörf væri á að koma þeim fyrir í fylgsni, þar sem hætta væri á, að lyktin vekti athygli.

Eftir innpökkun efnanna lét hann þau í litla íþróttatösku, sem hann kom fyrir í læstum skáp frammi á gangi í skipinu.

Þau 100 gr. í sérstöku umslagi, sem afhendingarmaðurinn lét hann fá sem þóknun, vafði Matthías inn í sellufónpappír til að hindra það, að lykt bærisk frá efninu, og til þess, að það skemmdist ekki. Á heimleiðinni notaði Matthías u. þ. b. 10 gr. af hassinu, sem hann reykti í pípu. Afganginn, 90 gr., ásamt pípunni fann tollgæslan við leit í skipinu, er það kom á ytri höfnina í Reykjavík 18. maí 1972.

Matthías kveðst álíta, að hass það, sem hann fékk afhent í hin tvö umræddu skipti, hafi samtals vegið rúmlega 3 kg.

Laxfoss kom til Akureyrar frá Rotterdam hinn 4. maí 1972. Um morguninn þann dag kom Leifur Hauksson um borð til Matthíasar og spurðist strax fyrir um hassið. Fóru þeir saman frá borði, og hélt Matthías á töskunni, sem efnin voru í. Gengu þeir upp að Hótel K. E. A. og fóru inn í Skodabífreið, sem var þar fyrir utan. Í bífreiðinni voru fyrir tveir menn alls ókunnir Matthíasi, en hann varð þess fljótt áskynja, að annar hét Jens og hinn Gestur.

Bífreiðinni var ekið upp að kirkjunni, þar sem athugað var innihald pakkanna og magnið áætlað. Kveðst Matthías hafa heyrt, að þeir töluðu um 3 kg.

Matthías kveður, að strax og hann kom inn í bílinn, hafi hann verið að því spurður, hvort hann væri ekki með eitthvað annað, eins og það var orðað af öðrum hvorum þeirra Gestis eða Jens. Jánkaði Matthías því og fékk þeim umslagið með dósinni í, en ekki hafði hann rifið það upp, en hafði grun um, hvað það hafði að geyma.

Eftir þetta óku þeir saman um bæinn nokkra stund, og síðan fór Matthías aftur um borð og skildist við hina þrjá.

Við komu m/s Laxfoss til Reykjavíkur hinn 18. maí var gerð leit í skipinu, eins og ofan greinir. Var Matthías Mogensen handtekinn og færður til yfirheyrslu.

Matthías Mogensen ber það aðspurður, að Leifur Hauksson hafi boðið sér peningabóknun fyrir að koma hassinu til landsins, en það hafi hann ekki þegið, en litið á flutninginn öllu heldur sem

vinargreiða við þau Leif, Eddu og Ólaf og hugsað sér að fá að reykja með þeim síðar.

Hann kveður það aldrei hafa verið áform sitt að selja eða afhenda öðrum það hass, sem hann sjálfur átti.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að nokkrum dögum eftir komu sína til landsins hafi hann hitt þá Gest og Jens Rúnar og hafi þeir sagt sér, að þeir hefðu sent sinn skammt heim með Matthíasi Mogensen á Laxfossi.

Hann kveður það hafa verið upphaflega ráðagerð sína að bíða komu Matthíasar til Reykjavíkur, en þegar hann frétti, að Gestur og Jens Rúnar ætluðu norður, hafi hann ákveðið að slást í förina og hafi þeir farið saman norður í bílaleigubíl kvöldið fyrir væntanlega komu skipsins til Akureyrar.

Leifur lýsir því, sem gerðist, mjög á sömu lund og rakið hefur verið eftir skýrslu Matthíasar Mogensens.

Seint um kvöldið komu þeir suður, og var hassinu þá skipt í tvennt heima hjá Leifi að Borgarholtsbraut 3, eins og fyrr greinir.

Varðandi aðild sína í þessum þætti málsins hefur ákærða, Edda Sigurrós Sverrisdóttir, borið mjög á sömu lund og hér hefur verið rakið að framan. Hún kveðst ekki vilja fullyrða neitt um það, hvert þeirra þriggja átti hugmyndina að fá fjárframlög frá fleirum til kaupanna. Hún kveður Ólaf Mogensen hafa talað við Halldór Kjartansson í síma, en vissi ekki, hvort honum var boðin þátttaka í kaupunum eða hvort hann óskaði eftir því sjálfur. Henni var kunnugt, að væntanleg var símaávísun frá Halldóri, er Leifur kom á vinnustað hennar rétt fyrir brottför sína, og taldi hann sig ekki ná tímanlega í gjaldeyrisafgreiðslu banka, þar sem símaávísunin væri ekki komin. Fékk Edda þá að láni kr. 10-20 þús. hjá samstarfsstúlku og afhenti Leifi. Peninga þessa kveðst hún hafa endurgreitt sama dag og hafi stúlkan ekki vitað, í hvaða skyni þeir voru fengnir að láni.

Edda kveður sameiginlegt fjárframlag þeirra hjónanna hafa komið úr bankabók þeirra og hafi Leifur tekið út úr bókinni, og kveðst hún ekki hafa vitað, hver upphæðin var né heldur upphæðir framlaga annarra.

Eftir brottför Leifs fékk Edda tvö bréf frá honum, og eftir heimkomuna sagði hann henni allt af létta um ferðalag sitt og hvernig hann hefði komið hlutunum fyrir, þ. e. að hann hefði falið ákærða Bergi Þórðarsyni, auknefndum „Hestinum“, að kaupa hassið og koma því til Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss.

Edda kveður, að Leifur hafi farið norður til Akureyrar ásamt þeim Jens Rúnari og Gestí Þorsteinssyni 6 eða 7 dögum eftir að hann kom til landsins. Komu þeir til baka 2 dögum seinna, og kveðst hún hafa orðið vör við, að þeir voru með hass meðferðis. Skiptu þeir efninu á milli sín heima á Borgarholtsbraut 3. Fékk hún ekki að vera við skiptin né heldur Ólafur Mogensen, sem þar var staddur.

Eftir skiptinguna fengu þau Edda og Ólafur lítinn bút af hassi til prufu.

Hún kveður, að eftir að þau Leifur fengu umrætt hass, hafi þau mikið reykt og eins hafi þau boðið gestum að reykja, en ekkert hass var selt eða afhent, svo hún vissi.

Halldór Kjartansson, Birkihvammi 8 í Kópavogi, kom fyrir dóminn í upphafi dómsrannsóknarinnar. Hann kvað það rétt vera, að hann hefði sent Leifi Haukssyni u. þ. b. kr. 29.000.00 til kaupa á hassi. Voru peningar þessir frá honum sjálfum og fjórum vinnufélögum hans í frystihúsi á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann kvað Ólaf Mogensen hafa hringt til sín og boðið sér þátttöku í hasskaupunum erlendis frá.

Félagar Halldórs voru Viðar Sigurjónsson, Reykjavík, og lögðu þeir Halldór og hann fram kr. 7.000.00 hvor, Kristján Pétur Sigurðsson, Akureyri, lagði fram kr. 6.000.00, Rúnar Sigurkarlsson, Kópavogi, lagði fram kr. 5.000.00, og Þorsteinn Þorsteinsson, Keflavík, lét kr. 4.000.00.

Halldór kvað þá fimmmenningana hafa fengið í sinn hlut 200-300 gr. af hassi, og var það einn og einn þriðji úr plötu, og skiptu þeir þessu magni sín á milli í réttu hlutfalli við framlag hvers og eins.

Verður nú vikið að öðrum þáttum málsins, sem rannsókn beindist að undir rekstri þess.

II.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson skýrði svo frá fyrir réttinum, að hann hefði smyglað til landsins tæpum 400 gr. af tyrknesku hassi, er hann var í Kaupmannahöfn ásamt Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós, en þangað hefði hann farið með þeim hjónum 21. desember 1971. Þau Edda og Leifur voru í brúðkaupsferð, en Karl Kristinn sjálfur í leðurkaupaferð. Áður en þau fóru að heiman, höfðu þau þrjú komið sér saman um að kaupa eitthvað af hassi í Danmörku. Var Karl Kristinn búsettur hjá þeim hjónum að Borgarholtsbraut 3 um þetta leyti og hafði verið um hríð.

Karl Kristinn kveðst hafa farið utan með kr. 2.000.00 danskar og tæplega kr. 8.000.00 í íslenskum 100 kr. seðlum, en hve mikið fé þau Edda og Leifur höfðu meðferðis, kveðst hann ekki þora að fullyrða, en þau voru með eitthvað af íslenskum peningum.

Benóný Ægisson, Kópavogi, sem þá dvaldist í Kristjáníu í Kaupmannahöfn, keypti fyrir þau hassið, er þau komu þangað, og bað Karl hann um að kaupa 500 gr., og kvaðst hann hafa haldið, að sú væri raunin, þar til þau komu til Íslands og vigtuðu hassið, en þá kom í ljós, að það vó um 390 gr.

Karl ber, að ekki hafi komið til nein fjárgreiðsla til Benónýs fyrir að annast kaupin, en hann hafi fengið einhvern enda af hassi fyrir viðvikið. Hann kveður láta nærri, að þau hafi reykt u. þ. b. 50 gr. af efninu í Kaupmannahöfn.

Í Kaupmannahöfn dvöldust þau öll þrjú í íbúð, sem kunningjafólk Leifs hafði á leigu, og þar útbjuggu þau gífspötu og komu þar fyrir hassinu. Karl kveðst hafa átt hugmyndina að því að senda efnin þannig umbúin til Íslands, en gífsmýndin var þannig gerð, að Karl varð sér úti um plastmót, sem hann hellti í gífsi til hálfis og setti síðan í hassið, en því hafði hann skipt í flögur, sem hann setti síðan nokkrar saman í plasti í mótið, og urðu þannig til líklega 7 hólf, er gífsi var komið fyrir ofan á hasspakkana. Þetta gerðu þau öll þrjú saman að frásögn Karls.

Að þessu loknu setti Karl gífsmýndina í ferðatösku ásamt fatnaði og teppum og setti töskuna síðan í frakt til Íslands á nafni Eddu Sigurrósar.

Þegar taskan var komin til Íslands, kveðst Karl hafa tekið gífsmýndina í sundur einsamall heima að Borgarholtsbraut 3, og þegar þau hjónin Edda og Leifur komu heim, þá hafi þau skipt efninu með sér þannig, að þau hjónin fengu sameiginlega 2/3, en Karl fékk sjálfur 1/3 hluta.

Karl kveður heildarmagnið hafa vegið ca. 375 gr., en efnið hafi þau vigtað á eldhúsvigt.

Eftir að skiptin höfðu farið fram, kveðst Karl hafa dvalist á heimili hjónanna í eina eða tvær vikur, en síðan flutti hann að Öldugötu 54 í Reykjavík til Arnar Ingólfssonar. Gaf Karl Erni að reykja af hassi sínu svo og Jóni Ómari Sigfússyni, Framnesvegi 2, Reykjavík.

Benóný Ægisson hefur alfarið og eindregið synjað fyrir það að hafa keypt nokkurt hass fyrir þau Karl Kristin og margnefnd hjón í umrætt sinn, eins og Karl Kristinn ber.

Fór fram sampröfun um þetta atriði undir rannsókn málsins.

Náðist ekkert samræmi. Karl Kristinn endurtók fyrri framburð sinn, en Benóný stóð fast á synjun sinni.

Jón Ómar Sigfússon hefur skýrt frá því, að þeir þrír, Karl Kristinn, Örn Ingólfsson og hann sjálfur, hafi þráfaldlega reykt saman hass, sem Karl lét í té, bæði að Öldugötu 54 hjá Erni og á ýmsum danshúsum, en þetta hafi verið á tímabilinu frá í janúar 1972 og fram í mars s. á.

Leifur Hauksson hefur skýrt frá atvikum í þessum þætti mjög á sömu lund og greinir að ofan í framburði Karls Kristins Júlíussonar.

Leifur kveður, að þau hjónin hafi haft með sér í peningum í ferðina um kr. 40 þús. í gjaldeyri, sem þau fengu í banka hér heima, og auk þess ca. 6.000 í eitt hundrað króna seðlum.

Til hasskaupanna, sem Karl Kristinn annaðist algerlega fyrir þau, kveður Leifur, að þau hjónin hafi lagt kr. 25.000.00. Kveðst Leifur ekki vita neitt frekar um það, hvernig eða af hverjum Karl keypti efnið, og ekki spurt neitt út í það.

Að sögn Leifs var umrætt hass mosagrænt á litinn, miðlungi sterkt, ívið sterkara en svonefnt Civ-hass, en það telur hann vera blandað með marihuana.

Þegar búið var að koma efninu fyrir í gifsmyndinni, setti Karl hana í ferðatösku ásamt nokkru af fatnaði. Fór Leifur með töskuna í póstfrakt á nafni Eddu.

Á sínum tíma fóru þau hjónin saman og sóttu töskuna í póst-afgreiðsluna hér heima. Ók Leifur síðan konu sinni til vinnu og sótti svo Karl, og fóru þeir saman með töskuna heim á Borgarholtsbraut 3.

Um kvöldið, er Leifur kom heim, var Karl búinn að brjóta myndina og taka úr henni hassið. Skiptu þeir því með sér á þann veg, að þau hjónin fengu ca. 250 gr. í sinn hlut, en Karl Kristinn fékk um 130 gr.

Leifur kveður þá Karl Kristin hafa vigtað hassið þarna heima á Borgarholtsbraut og hafi það vegið um 380 gr., en var 100 gr. minna en þegar þeir vigtuðu það í Kaupmannahöfn. Fundu þeir enga líklegri skýringu á þessu en þá, að vigtin, sem þeir höfðu fengið lánaða úti, hafi sýnt rangan þunga eða þá, að efnið hefði verið bleytt erlendis.

Þar sem þau hjónin óttuðust húsleit hjá sér, kveður Leifur, að þau hafi komið efninu til geymslu hjá Pétri H. Péturssyni, Ljósheimum 6, Reykjavík.

Kveður Leifur það ýmist hafa verið svo, að Pétur þessi hafi

komið með skammta af efninu til þeirra hjónanna eða þau hjónin hafi farið í heimsókn til Péturs og eiginkonu hans, Evu Benjamínsdóttur. Reyktu þau saman öll fjögur, og eins kveður Leifur, að verið geti, að Ólafur Mogensen hafi fengið hjá þeim í pípu, en man ekki eftir fleirum.

Í skýrslu Eddu Sigurrósar er atvikum lýst í stórum dráttum í samræmi við það, sem að ofan greinir, að svo miklu leyti sem henni var um kunnugt af eigin raun.

Hún kveðst ekki hafa orðið þess vör fyrir ferðalagið, að neitt væri rætt um sameiginleg kaup þeirra þriggja á kannabisefnum til flutnings heim til Íslands, en hins vegar hafi þau rætt um kaup á slíkum efnum til neyslu í Kaupmannahöfn. Hafi hún ekki orðið vör við kannabiskaupin hjá þeim Leifi og Karli, fyrr en þau voru um garð gengin, og ekki vita, hver hefði annast kaupin.

Það hafi verið rætt um það þeirra á milli, að hún kæmi efninu í gegn um tollinn í farangri sínum, en svo hafi verið ákveðið að senda það í gifsmynd.

Edda kveður Karl hafa steypt myndina, en þau hjónin hafi fylgst með verkinu, og kveðst hún hafa ráðlagt Karli, hvernig hann skyldi slétta hana að aftanverðu svo og um frágang að öðru leyti.

Hún kveður þá Leif og Karl hafa sagt sér, að þeir hefðu búið um myndina í ferðatösku, sem send yrði í fragt til Íslands á hennar nafni.

Þegar heim til Íslands kom, sótti Edda töskuna ásamt eiginmanni sínum. Fór Edda síðan til vinnu sinnar, en Leifur hélt áfram með töskuna, sem ekki hafði verið opnuð. Um kvöldið, er Edda kom heim, var búið að opna töskuna og brjóta upp gifsmyndina. Hafði hún fengið að vita það fyrr um daginn, er Leifur hringdi til hennar og sagði henni, að Karl væri búinn að brjóta myndina.

Þeir Leifur og Karl vigtuðu kannabisefnið, sem fólgið hafði verið í myndinni, og kveður Edda, að hún hafi heyrt á tali þeirra, að 100 gr. vantaði upp á það magn, sem reiknað hafði verið með.

Þegar efninu var skipt, telur Edda, að í hlut þeirra Leifs hafi komið 100 gr., en nánar aðspurð um það með tilvísun til framburðar Leifs um þetta telur hún sig ekki hafa fylgst svo náíð með þessu, en treyst eiginmanni sínum til að sjá um skiptin fyrir þeirra hönd.

Edda Sigurrós hefur skýrt frá því, að skömmu eftir að þau hjónin fengu efnið, sem hér um ræðir, hafi þau farið í heimsókn

til kunningjafólks, hjónanna Péturs Péturssonar og Evu Benjamínsdóttur, Ljósheimum 6 í Reykjavík. Hún kveður, að þarna hafi þau reykt kannabis með hjónum þessum og hafi Pétur, er honum varð kunnugt um efni það, sem þau Leifur áttu, boðist til að geyma það fyrir þau.

Hún kveður aðspurð boð Péturs hafa átt rót til þess að rekja, að þau Leifur óttuðust húsleit hjá sér.

Að sögn Eddu reyktu þau hjónin mestan hluta hassins. Höfðu þau heima hjá sér aðeins það magn, sem nægði þeim til daglegrar reykingar, og var hugsun þeirra sú, að þau gætu gleypst það eða skolað niður í salerni, ef til húsleitar kæmi. Sóttu þau hass til Péturs eftir þörfum.

Ekki kveður Edda sér kunnugt um, að nokkuð hafi verið afhent eða selt af hassinu, en kveður þau hafa gefið kunningjum sínum að reykja með sér. Fóru reykingar þeirra fram á heimili þeirra að mestu leyti, en einnig nokkrum sinnum heima hjá Péttri Péturssyni og í bíóferðum. Höfðu þau klárað hassið í febrúarlok 1972.

Þau hjón Pétur Pétursson og Eva Benjamínsdóttir hafa gefið skýrslur fyrir dóminum hinn 29. f. m. varðandi það, sem að ofan er greint. Þau þekkja bæði ákærðu Leif og Eddu.

Pétur skýrir svo frá, að hann vilji ekki synja fyrir, að þau Leifur og Edda hafi komið á heimili sitt með kannabisefni í pakka, áður en rannsókn í máli þessu hófst fyrir rúmu ári. Vel geti verið, að þau hafi skilið pakkann eftir eða fengið að geyma hann hjá sér. Aðspurður kveður Pétur, að vel geti verið, að hann hafi fengið að reykja af efninu með þeim, þegar þau voru í heimsókn hjá sér.

Hann kveðst ekki minnst þess að hafa boðist til að geyma pakkann með hassinu fyrir nefnd hjón og ekki minnst þess að hafa komið með hluta og hluta af efninu til þeirra.

Þegar Péttri er kynntur framburður Eddu Sigurrósar um þetta atriði, kveðst hann vilja vísa til þess, sem hann áður hafi sagt og greint er hér að ofan.

Eva Benjamínsdóttir kveðst ekki minnst þess, að þau Leifur og Edda hafi komið í heimsókn á heimili sitt í janúar eða febrúar 1972 með hass í pakka, sem þau síðan hafi fengið að geyma á heimili sínu. Þegar henni er kynntur framburður Eddu Sigurrósar um þetta efni, kveðst hún endurtaka það, sem hún áður hafi sagt, að sér sé ekki um þetta kunnugt, en vilji ekki alveg fortaka það, að þetta geti verið rétt, sem Edda segi. Um framburð Leifs varð-

andi þetta segir Eva, að hún minnst þess eigi, sem þar greini. Hún kveðst ekki vita til þess, að eiginmaður sinn hafi farið með hass til þeirra Leifs og Eddu.

Eva kveðst hafa reykt hass með þeim Leifi og Eddu á heimili sínu og ásamt eiginmanni sínum. Hún kveðst ekki muna nákvæmlega hvenær. Telur fullvíst, að það hafi verið fyrir rúmu ári, líklegast fyrir u. þ. b. tveimur árum.

III.

Að ofan er rakinn framburður ákærða Bergs Jóns Þórðarsonar varðandi aðild hans í þeim þætti málsins, sem auðkenndur er í ákæruskjali I, nr. 4.

Bergur skýrði enn fremur frá því, að í október 1971 hafi hann farið til Kaupmannahafnar, en þá hafi hann haldið til um skeið hjá þeim hjónum Eddu og Leifi á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3.

Fyrst eftir komuna til Danmerkur kveðst hann hafa verið á flakki, en í nóvember settist hann að í Kristjáníu í Kaupmannahöfn.

Áður en Bergur fór utan, kveðst hann hafa verið beðinn um það af þeim hjónum Leifi og Eddu að kaupa fyrir þau hass. Kveðst hann hafa fengið afhentar frá þeim kr. 10-15 þús. í íslenskum peningum, og átti hann að kaupa ýmsa hluti fyrir þau fyrir kr. 5.000.00, en afgangurinn skyldi fara til hasskaupa.

Hann kveðst hafa sent Leifi Haukssyni bréf með 5-10 gr. af hassi um mánaðamótin október-nóvember 1971.

Þegar Bergi voru sýnd umslög, sem stíluð eru til Ólafs Mogensens og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur, beggja að Borgarholtsbraut 3, en umslög þessi voru lögð fram við rannsókn málsins, þingmerkt nr. 30 og 31, kvaðst hann kannast við að hafa skrifað utan á bréf þessi um sama leyti og hann sendi bréfið til Leifs. Hann kveðst að öðru leyti ekki muna eftir bréfum þessum og ekki muni hann eftir að hafa beðið fyrir þau til Íslands né að hafa sett í þau hass til sendingar til viðkomandi, en telur ekki útilokað, að hann hafi beðið einhvern að póstleggja þau.

Bergur segir, að um það hafi verið talað, áður en hann fór, að hann sendi þeim hjónum og Ólafi Mogensen hass að utan, og hafi sér verið ljóst, að Ólafur lagði fram einhvern hluta af því fé, sem hann tók við af þeim Leifi og Eddu.

Hann kveðst ekki kannast við að hafa fengið senda peninga

frá Ólafi Mogensen til kaupa á hassi. Hafi hann aðeins sent þetta eina bréf með hassi til Leifs Haukssonar.

Í desember 1971 kveðst Bergur hafa keypt um 50 gr. af hassi fyrir Bjarka Tryggvason, sem þá var staddur í Kaupmannahöfn með hljómsveit Ingimars Eydals á Akureyri, og hafi hann fengið 500 kr. danskar til kaupanna frá Bjarka. Hann kveður, að reykt hafi verið af þessu hassi í Kristjáníu, en þar hafi Bjarki blandað í pípu og gefið þeim að reykja, sem viðstaddir voru.

Bjarki Tryggvason hefur verið yfirheyrður af lögreglu um þetta atriði. Hann segist þekkja Berg Þórðarson og hafa hitt hann í Kaupmannahöfn hinn 29. nóvember 1971, er hann var þar í hlómleikaferð.

Bjarki kveðst hafa beðið Berg að kaupa fyrir sig hass og fengið honum 300 danskar krónur í því skyni. Voru þeir þá staddir í Kristjáníu. Ekki segist hann vita, hve mikið magn Bergur keypti, þar sem hann vigtaði það ekki. Var þetta svonefnt Libanon-hass.

Bjarki kveðst hafa reykt þetta hass, meðan hann dvaldist í Kaupmannahöfn, og gaf af því í pípur, m. a. Bergi og fleirum.

Í mars 1972 kveðst Bergur hafa sent Magnúsi Magnússyni, Reykjavík, ca. 10 gr. af hassi. Hafi þetta atvikast á þann veg, að stúlka nokkur, Margrét að nafni, hafi afhent honum í Kaupmannahöfn 100-200 kr. danskar og beðið sig að senda nefndum Magnúsi hass fyrir peningana.

Síðla vetrar 1972 kveðst Bergur hafa aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson blaðamann við kaup á nokkrum tugum gramma af hassi í Kaupmannahöfn fyrir nokkur hundruð krónur danskar.

Einar Björgvinsson hefur skýrt frá því fyrir lögreglu, að í mars 1972 hafi Bergur Þórðarson keypt fyrir sig hass í Kaupmannahöfn fyrir 150 kr. danskar. Hann neitar því alfarið, að Bergur hafi keypt hass nema fyrir nefnda upphæð fyrir sig, og hafi þetta verið í eina skiptið, sem Bergur hafði milligöngu fyrir hann um slík kaup.

Bergur kveðst ekki mótmæla framburði Einars um þetta efni, er hann er honum kynntur.

Varðandi skýrslu Bjarka Tryggvasonar, sem að ofan getur, segir hann, að vel geti verið, að fjárhæð sú, sem Bjarki fékk honum til umræddra hasskaupa, hafi ekki numið nema kr. 300.00 dönskum.

Ólafur Mogensen hefur borið, að hann hafi í ársbyrjun 1972 sent tvö bréf til Kaupmannahafnar, sem í voru samtals um kr.

1.000.00. Hann kveður bréfin hafa verið stíluð til Bergs, „Hestsins“, Kristjáníu, Kaupmannahöfn. Ólafur kveðst ekki hafa vitað, hvert föðurnafn Bergs, auknefnds „Hesturinn“, var, og ekki hafi hann beðið Berg að senda sér hass frá Kaupmannahöfn, áður en Bergur fór þangað haustið 1971.

Ólafur Mogensen kveðst hafa fengið tvö bréf frá Kaupmannahöfn í janúar 1972, og voru 5-6 gr. af hassi í hvoru þeirra.

Í byrjun nóvember 1971 kom frá Kaupmannahöfn bréf á póststofuna í Kópavogi, stílað til Leifs Haukssonar, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Bréf þetta kom í almennum pósti. Vakti það grunsemdir póstmeistara, þar sem í því virtist vera eitthvað annað og meira en pappír. Gerði póstmeistarinn lögreglu aðvart, sem þegar hóf rannsókn í málinu. Var bréfið opnað og innihald þess sent á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Rannsókn leiddi í ljós, að í bréfinu hafði verið kannabis, 6.3 gr. að þyngd.

Við lögreglurannsóknina skýrði Leifur Hauksson m. a. frá því, að nefnt sendibréf hefði verið frá Bergi Þórðarsyni að hann taldi. Hefðu þau hjónin látið Berg hafa kr. 10.000.00 í íslenskum peningum, er hann fór til Kaupmannahafnar um mánaðamótin október-nóvember 1971. Hefði svo talast til, að Bergur keypti fatnað fyrir mestan hluta fjárins, en afgangurinn gengi til hasskaupa fyrir þau.

Framburður Eddu Sigurrósar um þetta atriði var mjög á sömu lund.

Þessu máli var lokið í sakadómi Kópavogs á þann veg, að Leifur Hauksson undirgekkst dómssátt hinn 23. mars 1972 og Edda Sigurrós hinn 12. maí s. á.

IV.

Hér á eftir verður rakið það helsta, sem upplýst er um meðferð og notkun þeirra fíkniefna, sem mál þetta fjallar um, að því leyti sem ekki hefur áður komið fram hér að ofan.

Eins og fram er komið, telja ákærðu, að hass það, sem Bergur Þórðarson keypti í Amsterdam og flutt var til Íslands af Matthíasi Mogensen, hafi vegið um 3 kg. eða tæplega það. Þar sem mestur hluti efnisins var farinn forgörðum við neyslu þess eða á annan hátt, þegar rannsókn málsins hófst, hefur eigi reynst unnt að ákveða heildarmagnið nánar. Um skiptingu efnisins hefur áður verið frá skýrt. Verður hér eigi fjallað um meðferð og notkun þess ríflega helmings, sem þeir Gestur Þorsteinsson og Jens Rúnar Ingólfsson fengu í sinn hlut, en um það er fjallað í

sakadómi Reykjavíkur, og hefur dómur í því máli verið uppkveðinn.

Ólafur Mogensen fékk í sinn hlut um 300 gr. af hassinu svo og 90-150 gr. fyrir Benedikt Hjartarson, sem áður greinir.

Frásögnum þeirra Leifs og Ólafs um magn þess, sem Benedikt þessi fékk, ber ekki saman. Eftir gögnum málsins þykir líklegast, að það hafi verið rúmlega 100 gr. Ólafur kom hassinu til Benedikts, og eru í máli þessu frekari gögn um notkun þessara hluta.

Ólafur Mogensen geymdi sinn hluta hassins fyrst í stað í skrifborði sínu að Borgarholtsbraut 9. Við skiptin tók hann einnig til geymslu mestan hluta af hassi þeirra hjóna, Leifs og Eddu, sem aðeins höfðu lítið eitt geymt heima hjá sér. Skömmu seinna kveðst Ólafur hafa komið öllu hassinu fyrir í geymslu í húsa-kynnum bróður síns, Péturs Mogensens, að Reykholti í Garðahreppi. Hann kveðst hafa beðið Pétur bróður sinn um að geyma efnið, og varð Pétur við því. Var hér um að ræða rúmlega 200 gr. af hassi Ólafs og nærri 500 gr. af hassi hjónanna. Sótti Ólafur síðan af efninu til notkunar fyrir sig svo og fyrir hjónin, en reykingar fóru fram á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3.

Þegar Ólafur frétti af handtöku Leifs Haukssonar mánudaginn 15. maí 1972, kveðst hann hafa farið rakleitt heim til Péturs bróður síns, því hann hafi verið gripinn ótta og hugsað um það eitt að koma efninu fyrir kattarnef. Tók hann allt efnið, bæði sitt og hjónanna, og fór með það til Reykjavíkur. Eftir nokkurt eirðarleysisráp í vesturbænum kveðst hann hafa kastað öllu saman í sjóinn út við Grandagarð eftir að hafa mulið allt hassið í duft og smágerða mola. Hann kveður þetta hafa verið um kvöldmatarleytið, sem hann kom hassinu fyrir í sjóinn.

Ólafur kveður engan hafa vitað um ferðir sínar um borgina og niður að höfn né um það, að hann losaði sig við hassið á greindan hátt.

Pétur Mogensen hefur staðfest frásögn bróður síns um geymslu hassins í sínum húsakynnum, en engin gögn eru fyrir hendi önnur en frásögn Ólafs Mogensens sjálfs um afdrif efnisins.

Eins og fram er komið, fannst við húsrannsókn að Borgarholtsbraut 3 bréf stílað til Ólafs Sigurðssonar kennara, Eskifirði, og auk þess þrjár reykjarpípur fyrir hass. Er bréfið var opnað, kom úr því efni ca. 15 gr., sem við rannsókn reyndist vera kannabis.

Þau hjónin Leifur og Edda og Ólafur Mogensen hafa nokkuð samhljóða borið, að umrætt bréf hafi þau útbúið í sameiningu

og hugsað sem vinargreiða við nefndan Ólaf Sigurðsson, sem hafi ekki um sendingu þessa beðið. Muni Ólafur Mogensen hafa skrifað utan á umslagið, en um sendingu þess átti Leifur að annast, en gleymt því.

Halldór Kjartansson, Kópavogi, sem áður greinir frá, afhenti við rannsókn málsins það hass, sem hann átti eftir, ca. 8.65 gr. Auk þess kom fram, að móðir hans hafði fundið í fórum hans efni, sem henni þótti grunsamlegt, og skolaði hún því niður um salernisskál. Af efni því, sem Halldór og félagar hans fengu, er ekki annað komið fram en það, sem nú hefur verið nefnt, svo og 12.5 gr. af hassskammti Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík.

Áður er fram komið, að tollgæslan fann mestan hluta þess hass, sem Matthíasi Mogensen var afhent til eigin nota. Reyndist það vera samtals um 78 gr.

Það, sem hér hefur verið tilgreint, er allt það efni, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins í Kópavogi.

Efnunum var komið til rannsóknar á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, og fara hér á eftir niðurstöður, sem staðfestar hafa verið fyrir dóminum.

1. *Sýni nr. 2: Þingmerkt nr. 19.*

Efni úr bréfi stíluðu til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði:

„Sýnið var mosagrænt duft, ca 15 g með kannabislykt. Duftið var á hvítu pappaspjaldi, 10.5x14.5 sm að stærð. Pappaspjaldið var vafið í cellófanpappír. Við smásjárskoðun sáust þekjuhár og kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða.“

2. *Sýni nr. 3: Þingmerkt nr. 7.*

Efni afhent af Halldóri Kjartanssyni:

„Sýnið var óregluleg, plötulaga stykki, er vafin voru í málm-pappír og vógu ca. 8.65 g. Af sýninu var sterk kannabislykt. Við smásjárskoðun sást fjöldi af þekjuhárum og kirtilhárum, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg rannsókn staðfesti, að um kannabis væri að ræða. Svörun var kröftug.“

3. *Sýni nr. 4: Þingmerkt nr. 8.*

Efni fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi:

„Sýnið var 4 mosagrænar, rétthyrndar plötur, ca. 4 mm á þykkt, ca. 3.5 cm á breidd og 11-14 cm á lengd. Plöturnar

voru vafðar í cellofanpappír og vógu ca. 65 g. Kannabislykt var af sýninu. Við smásjárskoðun sást fjöldinn allur af þroskuðum þekjuhárum og kirtilhárum, sem eru einkennandi fyrir *cannabis sativa*. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða. Var svörun mjög kröftug.“

4. *Sýni nr. 5: Þingmerkt nr. 14.*

Efni fundið í vörslum Matthíasar Mogenssens um borð í m/s Laxfossi:

„Meginhluti sýnisins var flatt og óreglulega lagað, mosa-grænt stykki með sterkri kannabislykt. Auk þess voru nokkur minni brot. Sýnið var vafið í málmappír og vó ca. 12.5 g. Við smásjárskoðun sáust þekjuhár og kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir *cannabis sativa*. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða.“

5. *Sýni: Þingmerkt nr. 34.*

Efni úr bréfi til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík:

„Rannsóknarstofunni hefur borist til rannsóknar sýni, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 22.6. 1972. Sýnið var grænt duft og kögglar, 12.5 g að þyngd. Af sýninu var greinileg kannabislykt. Við smásjárskoðun sást fjöldi af kirtilhárum og þekjuhárum, sem einkennandi eru fyrir *cannabis sativa*. Efnafræðileg rannsókn staðfesti, að um kannabis væri að ræða.“

Eins og greinir í ákæruskjali, I nr. 4, er ákærða Bergi m. a. gefið að sök að hafa keypt 400 töflur af meskalíni í Amsterdam. Við rannsókn málsins í Reykjavík var lagt hald á 405 töflur, sem hér um ræðir. Að tilhlutan sakadóms Reykjavíkur voru þrjár af töflunum sendar í athugun á Rannsóknarstofu háskólans í lyfjafræði. Í greinargerð rannsóknarstofunnar segir m. a. svo:

„Sýnið var í öskju og merkt sýni nr. 12. Það var 3 hvítar, kúptar, mjög litlar töflur, 36.7 mg að þyngd að meðaltali.

Litarpróf a. m. Marquis, Mecke og Fröde gáfu ekki til kynna, að meskalín væri í sýninu. Eigi reyndist heldur unnt að sýna fram á ljósfall, eftir að sýnið hafði verið úrhlutað með saltsýru á því bylgyjusviði, þar sem vænta má ljósfalls eftir meskalín.

Blettagreining á þynnu gaf til kynna, að lýsergið væri ekki í sýninu.

Ofangreind litarpróf svo og litarpróf með kóbalttíocýnatlausn benti eindregið til þess, að hvorki morfín, heróín, kókaín, amfetamín, petidín né metadon væru í sýninu.

Verður því ekki séð, að í sýninu hafi verið hin algengari ávana- og fíknilyf og efni.“

Álit dómsins og niðurstaða.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Kópavogs hinn 8. desember s. l. Hófst síðan framhaldsrannsókn, sem lokið var 3. f. m. Málið var dómtekið hinn 12. þ. m., er fram höfðu komið skriflegar varnir af hálfu allra hinna ákærðu.

Með lögum 13. apríl 1973, nr. 52/1973, er ákveðið, að mál vegna brota á lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim lögum skuli rannsökuð, rekin og dæmd fyrir dómi í ávana- og fikniefnamálum, sem staðsettur skuli í Reykjavík. Niðurlags-ákvæði nefndra laga segir, að þau skuli öðlast þegar gildi.

Það er álit dómarsins, að máli þessu, sem rannsakað hefur verið að öllu leyti í sakadómi Kópavogs fyrir setningu og gildistöku laga nr. 52/1973 og þingfest var 8. desember á fyrra ári, skuli og lokið með dómi sakadómsins. Styðst álit og niðurstaða um þetta m. a. af 222. gr. laga nr. 85/1936 svo og til hliðsjónar niðurlags-ákvæði, sem í lögum 27/1951 greindi, einkum 201. gr.

Af hálfu verjenda ákærðu er það vefengt, að gild heimild sé fyrir hendi til þess, að manni verði gerð refsing fyrir innflutning og meðferð á kannabisefnum. Það framsal löggjafans á valdi sínu, sem um sé að ræða í 4. gr. laga 77/1970, fái ekki staðist að stjórnskipunarrétti. Það er einnig vefengt, að sannað sé vísindalega, að kannabis megji misnota á líkan hátt og efni þau, sem lögin sjálf taka beinlínis til.

Samkvæmt lögum nr. 14/1923 var lagt bann við tilbúningi, innflutningi, útflutningi og verslun með ópíum, morfín, heroín og kókaín. Með lögum nr. 43/1968 var þessum lögum breytt á þann veg, að samkvæmt 4. gr. þeirra skyldi dómsmálaráðuneytinu heimilt að úrskurða, „að ákvæði þessara laga gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra, eða ekki, enda hafi sannast við vísindalega rannsókn, að misnota megji þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.“

Þessarar heimildar var neytt með setningu reglugerðar 257/1969, er úrskurðað var, að ákvæði laga nr. 14/1923, sbr. lög 14/1968, skyldu gilda um kannabis (marihuana), lysergíð (LSD), meskalín (plyote) og psiloeybín svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem efni þessi hafa að geyma.

Með lögum nr. 25/1970 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum 14/1923, m. a. á refsíákvæðum, og að því búnu voru lög 14/1923 með áorðnum breytingum gefin út sem ný lög, nr. 77/1970.

Það má út af fyrir sig færa að því rök, að eðlilegra hefði verið,

að löggjafinn sjálfur ákvæði og nafngreindi efni þau, sem lög nr. 77/1970 skyldu til taka, í stað þess að framselja stjórnvöldum heimild til ákvörðunar um það. Heimild þá, sem hér um ræðir, verður að telja gilda, enda hefur verið á því byggt í nokkrum héraðsdómum svo og dómum Hæstaréttar. Refsiákvæði laga nr. 77/1970 verða þannig ótvírætt talin gilda um þau efni, þ. e. kannabis (hass), sem mál þetta fjallar um.

Þá er því haldið fram af verjendum Bergs Jóns Þórðarsonar, hjónanna Leifs Haukssonar og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur og Karls Kristins Júlíussonar, að kaup og eigin neysla kannabisefna sé refsilaus eða svo til að dönskum og hollenskum lögum og því sé ekki fram komið skilyrðið í 2. tölulið 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem vísað sé til í ákæru í sambandi við þá þætti, sem gerðust í Danmörku og Hollandi. Verði þeim því ekki gerð refsing að íslenskum lögum fyrir þá háttsemi.

Varnarmálsástæðu þessari ber að vísa á bug. Þá þætti þeirra brota, sem erlendis gerðust og mál þetta fjallar um, verður ekki litið á eina og út af fyrir sig, heldur sem hluta af brotaheild, sem íslensk refsilög taka tvímælalaust til.

Verknaður sá, sem Bergur Jón Þórðarson er ákærður fyrir og tilgreindur er í ákæru sem I, nr. 4, þ. e. kaup rösklega 3 kg. af kannabis o. fl. í Amsterdam og afhending þess til Matthíasar Mogensens um borð í íslenskt skip í Rotterdam til flutnings til Íslands, er fyrst og fremst brot gegn hagsmunum, sem íslenskum refsilögum er ætlað að verja. Bergur vissi, að hið mikla magn kannabis, sem hann kom til flutnings til Íslands, var ætlað til dreifingar til margra manna. Er hér um stórfellt brot að ræða, sem ótvírætt er um, að íslensk refsilög taka til, sbr. 7. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar, að því er varðar hvern fyrir sig, og viðurlögin ákveðin.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson.

Ákæruliður I, 1. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að fyrir utanferð sína í október 1971 tók hann við íslenskum peningum af meðákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur til kannabiskaupa. Keypti kannabisefni fyrir þau hjón í Kaupmannahöfn og sendi þeim í bréfaþósti til Íslands 5-10 gr. í bréfi, stíluðu til Leifs Haukssonar, um mánaðamótin október-nóvember 1971.

Gegn neitun ákærða þykir varhugavert að telja sannað, að hann hafi móttakið tvö bréf með samtals kr. 1.000.00 til kannabis-kaupa frá Ólafi Mogensen í ársbyrjun 1972 og sent honum kannabisefni í bréfaþósti. Ber því að sýkna ákærða að þessu leyti.

Með verknaði þeim, sem að ofan greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður I, 2. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að í desember 1971 keypti hann fyrir Bjarka Tryggvason, Akureyri, ca. 50 gr. af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 300.00 og afhenti honum þar.

Fyrir verknað þennan, sem refsiverður er að dönskum lögum, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. og 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæruliður I, 3. Ákærði hefur játað að hafa í mars 1972 keypt fyrir Magnús nokkurn Magnússon, Reykjavík, 10 gr. af kannabisefni og sent honum til Íslands. Um þetta atriði eru ekki fyrir hendi önnur gögn en játning ákærða sjálfs, því ekki hefur hafst upp á þessum Magnúsi Magnússyni. Þar sem ekkert er heldur fram komið, sem gerir játningu ákærða um þetta tortryggilega, þykir eigi varhugavert að telja þetta sannað.

Þá er sannað með framburði ákærða, stutt öðrum gögnum, að hann hafi síðla vetrar 1972 aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson blaðamann við kaup á nokkru magni kannabis, líklega um 20 gr., í Kaupmannahöfn.

Með þessu hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður I, 4. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að í apríl 1972 tók hann við erlendum peningum af neðangreindum mönnum í Kaupmannahöfn og Amsterdam til kaupa á kannabisefni og meskalíntöflum:

Af Gestri Þorsteinssyni 1.200.00 dönskum krónum, Leifi Hauksyni 2.500.00 hollenskum gyllinum, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gestri Þorsteinssyni 6.000.00 dönskum krónum og keypti fyrir fé þetta u. þ. b. 3 kg. af kannabis o. fl. og afhenti þetta með ákærða Matthíasi Mogensen um borð í m/s Laxfossi í Rotterdam til flutnings til Íslands. Enn fremur á sama tíma afhent Matthíasi til eigin notkunar 100 gr. af kannabis.

Varðandi þær 400 töflur af meskalíni, sem í ákæru greinir,

hefur ekki sannast við vísindalega rannsókn, að nefndar töflur hafi innihaldið meskalín né önnur hin kunnari ávana- og fíkniefni. Ber því að sýkna ákærða að því leyti er töflur þessar varðar.

Með atferli því, sem hér að ofan greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Hann skýrði greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins. Á hitt verður að líta, að brot hans samkvæmt ákærulið I, nr. 4 er stórfellt. Verður refsing hans fyrir öll brotin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldsvist frá 22. júní til 27. júní 1972, eða í 6 daga, og er rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Matthías Mogensen.

Ákæruliður II. Sannað er með framburði ákærða Matthíasar og öðrum gögnum, að í apríl 1972 tók hann við um borð í m/s Laxfossi í Rotterdam af meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni u. þ. b. 3 kg. af kannabis og flutti það með skipinu til Akureyrar, þar sem hann í byrjun máí afhenti það meðákærða Leifi Haukssyni, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gestí Þorsteinssyni. Enn fremur tekið við af meðákærða Bergi 100 gr. af kannabis til eigin notkunar og neytt hluta þess á leiðinni til Íslands.

Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Matthías Mogensen hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Hann skýrði greiðlega og skilmerkilega frá atvikum við rannsókn málsins. Hann sætti gæsluvarðhaldsvist í 13 daga undir rannsókn málsins. Hann var á nítjándu aldursári, er hann framdi umrætt brot, að því er telja verður fyrst og fremst fyrir beiðni eldri bróður síns, meðákærða Ólafs Mogensens, og meðákærða Leifs Haukssonar, en hvorki af eigin frumkvæði né í ágóðaskyni. Á hitt verður að líta, að brot hans er stórfellt, þar sem hann vissi, að umræddu kannabisefni yrði dreift til margra aðilja á Íslandi. Refsing fyrir brot hans verður ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar skuli fresta og að hún skuli falla niður eftir þrjú ár frá uppkveðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Leifur Hauksson.

Ákæruliður III, 1. Í niðurlagi III. kafla málavaxtalýsingar er greint frá atvikum, sem þessi ákæruliður fjallar um. Það þykir fram komið svo ótvírætt sé, að um þennan þátt málsins hafi áður verið fjallað efnislega í dómi og málinu lokið með dómssátt, svo sem áður greinir. Verður því að vísa þessum ákærulið frá dómi, sbr. 168. gr. laga nr. 82/1961.

Ákæruliður III, 2. Með framburði ákærða Leifs og öðrum gögnum er sannað, að um áramótin 1971-1972 smyglaði hann til Íslands ásamt eiginkonu sinni, meðákærðu Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, og meðákærða Karli Kristni Júlíussyni tæpum 400 gr. af kannabis. Efnið sendu þau póstflutningi í ferðatösku á nafni Eddu Sigurrósar. Áttu ákærði Leifur og eiginkona hans $2/3$ hluta efnisins, en meðákærði Karl Kristinn $1/3$ hluta.

Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Leifi samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður III, 3. Sannað er með játningu ákærða Leifs og öðrum gögnum, að í seinni hluta aprílmánaðar 1972 fór hann til Kaupmannahafnar og þaðan til Amsterdam gagnert til kaupa á kannabisefnum fyrir sjálfan sig og eiginkonu sína svo og meðákærða Ólaf Mogensen og fleiri aðilja, sem lagt höfðu fé til kaupanna, og síðan fengið meðákærða Bergi Jóni peningana í Amsterdam og falið honum að kaupa kannabisefni fyrir þá og koma því til meðákærða Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss í Rotterdam til flutnings til Íslands, þar sem hann tók við efninu úr höndum nefnds Matthíasar ásamt Gesti Þorsteinsyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, en við skipti á greindu efni komu u. þ. b. 500 gr. í hlut ákærða Leifs og eiginkonu hans.

Með ofangreindu atferli hefur ákærði Leifur unnið til refsingar samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður III, 4. Með eigin játningu ákærða Leifs og öðrum gögnum er sannað, að hann hafi ásamt eiginkonu sinni, Eddu Sigurrós, fengið meðákærða Ólaf Mogensen svo og Pétur Halldór Pétursson og Evu Benjamínsdóttur til að geyma kannabisefni þeirra hjóna og margsinnis gefið þeim og fleiri kunningjum sínum að reykja með sér af efninu.

Með atferli þessu, sem telja verður hluta brota samkvæmt 2. og 3. tl. hér að ofan, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt

5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Leifur Hauksson hefur einu sinni áður gerst sekur um brot gegn lögum nr. 77/1970, en því máli var lokið með dómssátt 23. mars 1972. Nokkrum dögum síðar, þ. e. um eða eftir næstu mánaðamót, er hann farinn að ráðgera og undirbúa kaup og innflutning kannabis í miklum mæli. Eftir neitun fyrst í stað skýrði hann nokkuð greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins.

Brot ákærða, sem hér greinir, eru stórfelld, og verður refsing fyrir þau ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 4 mánuði.

Leifur Hauksson sætti gæsluvarðhaldsvist 15.-31. maí 1972. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að vist þessi, alls 17 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir.

Ákæruliður IV, 1. Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefið að sök að hafa framið ásamt eiginmanni sínum brot þau, sem tilgreind eru hér að framan og auðkennd III, nr. 1, 2 og 4.

Fyrsta atriðinu, III, nr. 1, ber að vísa frá dómi með sömu rökum og að framan greinir.

Með eigin framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum, er sannað, að ákærða framdi með eiginmanni sínum, Leifi Hauksyni, brot þau, sem lýst er í ákæruliðum III, nr. 2 og 4 hér að framan.

Atferli ákærðu er refsivert samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður IV, 2. Sannað er með eigin játningu ákærðu svo og öðrum gögnum, að Edda Sigurrós tók þátt í að leggja á ráðin um ferð eiginmanns síns, Leifs Haukssonar, til kannabiskaupa í Danmörku eða Hollandi og flutning efnanna til Íslands. Þá lagði hún fram fé til kaupanna úr sameiginlegum sjóði þeirra hjóna og naut af efninu til jafns við eiginmann sinn.

Með atferli sínu hefur ákærða unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Eins og fram er komið, hefur ákærða Edda Sigurrós áður gerst sek um brot á lögum nr. 77/1970. Hún skýrði nokkuð greiðlega frá atvikum við rannsóknina eftir neitun allra sakargifta fyrst í stað. Hún hefur verið þátttakandi í broti, sem telja verður stórfellt, með eiginmanni sínum, sem hafði nokkra forystu og frum-

kvæði um verknaðinn. Refsing ákærðu fyrir brotin verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 2 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar skuli frestað og að hún skuli niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson.

Ákæruliður V. Með eigin framburði ákærða Karls Kristins, sem studdur er öðrum gögnum, er sannað, að hann hefur gerst sekur ásamt þeim hjónum Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós um brot það, er lýst er og greinir í ákærulið III, nr. 2 hér að framan. Enn fremur gefið kunningjum sínum, Erni Ingólfssyni og Jóni Ómari Sigfússyni, af efninu með sér.

Þetta atferli, sem líta verður á sem eina brotaheild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970.

Ákærði skýrði strax greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Refsing hans verður ákveðin 50.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði Ólafur Mogensen.

Ákæruliður VI, 1. Með framburði ákærða Ólafs Mogensens og öðrum gögnum er sannað, að hann tók virkan þátt í að leggja á ráðin um ferð meðákærða Leifs Haukssonar til kannabiskaupa, sem getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram kr. 25.000.00 til þeirra kaupa og fengið afhent í sinn hlut við skipti á efninu ca. 300 gr. af kannabis. Enn fremur hafði hann milligöngu fyrir Benedikt Hjartarson, Reykjavík, um kaup á kannabis fyrir kr. 9.000.00 í sömu ferð og afhenti honum í maí 1972 a. m. k. 90 gr. af efninu fyrir þá peninga. Þá tók hann við um sama leyti í Kópavogi u. þ. b. 300 gr. af kannabis til geymslu fyrir meðákærðu Leif og Eddu Sigurrós.

Þetta atferli, sem líta ber á sem eina brotaheild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður VI, 2. Ákærði hefur borið að hafa í ársbyrjun 1972 sent tvö bréf, sem í voru samtals kr. 1.000.00, og hafi bréfin verið stíluð til meðákærða Bergs Jóns Þórðarsonar í Kaupmanna-

höfn, með tilmælum um kaup á kannabis fyrir hann. Eins og áður er rakið, þykir ekki sannað, að Bergur hafi mótttekið greind sendibréf.

Ákærði hefur enn fremur borið að hafa í ársbyrjun 1972 fengið tvívegis sendingu í bréfaþósti frá Kaupmannahöfn, sem hann taldi vera frá Bergi, en í hvoru bréfi voru 5-6 gr. af kannabis. Þótt ekki teljist sannað, að sendingar þessar hafi verið frá Bergi, verður eigi talið verða vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi á umræddum tíma tekið við og notað greint magn af kannabis.

Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Ólafur Mogensen hefur einu sinni áður sætt refsingu fyrir brot á lögum, þ. e. 21. gr. áfengislaga. Hann skýrði strax greiðlega og nokkuð skilmerkilega frá atvikum í upphafi dómsrannsóknar. Á hitt verður að líta, að hann er virkur þátttakandi í stórfelldu broti. Verður refsing hans fyrir brotin ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 ber að gera upptæk þau efni, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins og hald var lagt á við rannsókn málsins, og samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga ber einnig að gera upptækar reykjarpípur, sem taldar hafa verið notaðar til hassreykinga.

Verða þannig gerð upptæk efni þau og reykjarpípur sem hér segir, sbr. atvikalýsingu, einkum kafla IV:

- 1) Kannabis, ca. 15 gr. úr bréfi, stíluðu til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði.
- 2) Kannabis, ca. 8.65 gr., afhent af Halldóri Kjartanssyni.
- 3) Kannabis, ca. 65 gr., fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
- 4) Kannabis, ca. 12.5 gr., fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
- 5) Kannabis, 12.5 gr., tekið úr bréfi til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík.
- 6) Reykjarpípa, tekin úr vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
- 7) Þrjár reykjarpípur, sem fundust við húsrannsókn á heimili Leifs Haukssonar og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur að Borgarholtsbraut 3.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærði Bergur Jón Þórðarson greiði verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og þóknun fyrir réttargæslu, meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi, samtals kr. 40.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen greiði verjanda sínum Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun, samtals kr. 20.000.00.

Ákærðu Leifur Hauksson og Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði in solidum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun, meðan þau sættu gæsluvarðhaldi, samtals kr. 50.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Sveins H. Valdimarssonar, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði öll ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Bergur Jón Þórðarson sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 6 dagar. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 40.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Leifur Hauksson sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 17 dagar.

Ákærða, Edda Sigurrós Sverrisdóttir, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærðu Leifur Hauksson og Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði til ríkissjóðs 50.000.00 króna sekt, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 20.000.00.

Upptæk skulu ríkissjóði til handa fíkniefni og tæki til neyslu þeirra, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, þ. e. 113.65 gr. kannabis og 4 reykjarpípur.

Annan sakarkostnað en að ofan greinir greiði ákærðu öll in solidum.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 191/1974: Dráttarbraut Keflavíkur h/f
 gegn
 Eyjólfí Helgasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Hafning máls. Dómsathöfn úr gildi felld. Heimvisun.

Dómur Hæstarétta.

Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, og samdómsmennirnir Zakarías Hjartarson og Einar Þorsteinsson hafa framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með kæru 21. október 1974, sem barst Hæstarétti 6. nóvember s. á., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært ákvörðun sjó- og verslunardóms Keflavíkur 10. október 1974 um hafningu máls og greiðslu málskostnaðar til handa stefnda. Gerir sóknaraðili þær dóm-